



Alþingi
Erindi nr. P 143/420
komudagur 27.11.2013

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 27. nóvember 2013

1311109SA TP
Málalykill: 401

Efni: Flutningur verkefna frá innanríkisráðuneytinu til sýslumanna - 161. mál 143. lþ.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 14. nóvember sl., þar sem ofangreint þingmál er sent til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fyrirhugaður flutningur verkefna er liður í þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið, að flytja ýmis stjórnsluverkefni ríkisins nær vettvangi. Sambandið hefur í umsögnum um slík mál jafnan undirstrikað að sú þjónusta sem ríkið veitir út um landið eigi að byggjast á öflugum og skilvirkum starfseiningum í héraði jafnframt því sem áhersla er lögð á að auka fjölbreytni starfa og breikka menntun. Þá megi ná fram almennum markmiðum um bættu þjónustu með því að þróa rafræna stjórnslu og hagnýta upplýsingatækni í samskiptum stjórnvalda við íbúa. Sjá um þetta m.a. liði 3.3.2 og 3.15.5 í stefnumörkun sambandsins fyrir tímabilið 2011 – 2014.

Sambandið telur fyrirbyggjandi frumvarp vera jákvætt skref í því að framfylgja þessari stefnu og styður meginefni þess. Sérstök ástæða er til þess að fagna því að Þjóðskrá Íslands þrói miðlæga málaskrá um hluta þeirra ákvarðana sem reiknað er með að flytjist yfir til sýslumanna.

Þeirri ábendingu er þó komið á framfæri við allsherjar- og menntamálanefnd að skoða sérstaklega áhrif VI. kafla frv. Vakin er athygli á að í umsögnum sínum um mál sem varða skipulag dómsýslunnar (sjá m.a. 100. mál 138. lþ.), hefur sambandið vísað til þess að fara beri fram með fyllstu gát þegar breytingar eru gerðar á fyrirkomulagi réttarvörslukerfisins.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs